

Föstudagur 30. júní

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Gosi (26)**. (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.15 **Litli sægarpurinn**. (Jack Holborn). Sjötti þáttur. Nýsjálandskur myndaflokkur í tólf þáttum. Aðalhlutverk Monte Markham, Terence Cooper, Matthias Habich og Patrick Bach. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
- 18.45 **Tákn málsfréttir**.
- 18.50 **Austurbæingar**. (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eirsson.
- 19.20 **Benny Hill**. Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökullsson.
- 19.50 **Tommi og Jenni**.
- 20.00 **Fréttir og veður**.
- 20.30 **Fjóringur**. Sumarvinna unglunga. Dagskrárgerð Grétar Skúlason.
- 21.00 **Valkyrjur**. (Cagney and Lacey). Bandarískur sakamálmundaflokkur. Þýðandi Kristrún Þóroddóttir.
- 21.50 **Fjárhættuspilarinn**. (Gambler III). – Fyrri hluti – Bandarísk sjónvarpsmynd frá árinu 1983. Leikstjóri Dick Lowry. Aðalhlutverk Kenny Rogers, Bruce Boxleitner, Linda Gray og George Kennedy. Myndin gerist í villta vestrinu árið 1885. Kennslukona nokkur starfar meðal indíána á svæði sem þeim hefur verið úthlutað af hvítum mönnum. Þegar í brynu slær milli hvítra manna og frumbyggja slæst hún í hóp tveggja ævintýramanna sem berjast fyrir málstað indíána. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 23.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlök**.



- 16.45 **Santa Barbara**.
- 17.30 **Föstudagur til frægðar**. Thank God It's Friday.
- 19.19 **19:19**. Fréttir og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
- 20.00 **Teiknimynd**. Skemmtileg teiknimynd fyrir alla aldurs hópa.
- 20.15 **Ullarsokkar, popp og kók**. Stöð 2 óskar ykkur öllum til hamingju með Bandalög. Myndbönd með lögnum Strákarnir í götunni, Stelpurokk, 100.000 volt, Getur verið? og Danska lagið ásamt viðtölum við meðlimi hljómsveitanna Sálín hans Jóns míns, Greifarnir, Todmobile og Bítlavinafélagið. Steinar hf. gefur hljómsplötuna út en hún inniheldur íslensk lög í flutningi níu hljómsveita. Saga film sá um gerð myndbanda við lögin og samsetningu þessa þátts sem Stöð 2 er sönn áægja að sýna.
- 20.45 **Bernskubrek**. The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
- 21.15 **Stormasamt líf** Romantic Comedy. Bráðskemmtileg gamanmynd þar sem Dudley Moore leikur rithöfund nokkurn sem nýlega er genginn í það heilaga. Stuttu eftir brúðkaupið kynnist hann konu sem fer að starfa með honum við leikritagerð. Kona þessi ruglar hann alveg í ríminu og fer þá gaman-íð heldur betur að kárna. Aðalhlutverk: Dudley Moore, Mary Steenburgen, Frances Sternhagen og Janet Eiber.
- 22.50 **Í helgan stein**. Coming of Age. Létur gamanmyndaflokkur um fullorðin hjón sem setjast í helgan stein. aðalhlutverk: Paul Dooley, Phyllis Newman og Alan Young.
- 23.15 **Ólíukapphaupið**. War of the Wildcats. Ósvikinn vestri þar sem fléttast saman ást, spennu og bardagar. Enginn sannur vestraóddandi lætur þennan frán. hjá sér fara, allra sist þar sem goðsögn vestrahetjanna, Jón Væni, er hér fremstur í flokki. Ekki er að efa að nokkrar glæsilegar sveiflur með kúrekahattinum, blikið í augnum og þetta órlítið skalka bros, sem prýddi hann í lífanda lífi, yljár áhorfendum fyrir framan skjáinn í kvöld. Aðalhlutverk: John Wayne, Martha Scott og Albert Dekker.
- 00.55 **Leigubítlarinn**. Taxi Driver. 2.45 Dagskrárlök.

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfreginir**. Bæn, séra Ólafur Jens Sigurðsson flytur.
- 7.00 **Fréttir**.
- 7.03 **Í morgunsárið** með Ingvaldi Ólafsdóttur.
- 9.00 **Fréttir**.
- 9.03 **Litli barnatíminn**: Músín í Sunnuhlíð og vinir hennar eftir Margréti Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les (5.) (Áður útvarpað 1984.)
- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
- 10.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir**.
- 10.30 **Sveitasæla**. Umsjón: Signý Pálsdóttir.
- 11.00 **Fréttir**.
- 11.03 **Samhjömur**. Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Verk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Umsjón: Anna Ingólfssdóttir.
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Veðurfreginir**. Tilkynningar. Tónlist.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Borgarnir. Umsjón: Sigrún Björnsdóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan** – Að drepa hermíkráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davídsdóttir les þýðingu sína (11.)
- 14.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 14.05 **Ljúlíngslög**. Svanhildur Jakobsdóttir kynnir.
- 15.00 **Fréttir**.
- 15.03 **Ísland og samfélag þjóðanna**. Þriðji þáttur endurtekinn frá miðvikudagskvöldi.) Umsjón: Einar Kristjánsson.
- 16.00 **Fréttir**.
- 16.03 **Dagbókin**. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir**.
- 16.20 **Barnaútvarpið**. Létt grín og gaman á föstudegi. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir**.
- 17.03 **Tónlist á síðdegi** – Kreisler, Dvorák, Shubert og Elgar.
- 18.00 **Fréttir**.
- 18.03 **Að utan**. Fréttabáttur um erlend málefni.
- 18.10 **Á vettvangi**. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfreginir**. Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.30 **Tilkynningar**.
- 19.32 **Kviksjá**. Umsjón: Frey Þor-móðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn**: Músín í Sunnuhlíð (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Lúðrabýtur**. Skarphéðinn Einarsson kynnir lúðrasveitartónlist.
- 21.00 **Sumarvaka**. a. Á aldarárið Jóns Arnasonar. Fyrri hluti dagskrár í samantekt Finnþoga Guðmundssonar.
- 22.00 **Fréttir**.
- 22.07 **Að utan**. Fréttabáttur um erlend málefni.
- 22.15 **Veðurfreginir**. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Danslög**.
- 23.00 **Í kringum hlutina**. Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
- 24.00 **Fréttir**.
- 00.10 **Samhjömur**. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 **Veðurfreginir**.
- 01.10 **Næturútlit** á báðum rásum til morguns.



- 7.03 **Morgunútvarpið**. Leifur Hauks-son og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfreginir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Morgunsyrpa**. Magnús Einarsson. Rugl dagsins kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.05. Af-maeliskveður kl. 10.30. Sér-þarfaþing með Jóhannu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblóðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Umhverfis lándið á áttatiu** Millí mála. Árni Magnússon á útkikki og leikur nýju lögin.
- 16.03 **Dagskrá**. Dægurmálaútlit. Stefán Jón Halsteinn, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffisjall og inn-til upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi.
- 18.03 **Þjóðarsálin**, þjóðfundur í beinni útsendingu.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.32 **Áfram ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.

- 20.30 **Kvöldtónar**.
- 22.07 **Síbyljan**. Sjóðheitt dúndur-popp beint í græjurnar.
- 00.10 **Snúningur**. Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveður milli hlustenda og leikur óskalög.
- 02.00 **Næturútlit** á báðum rásum til morguns. Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTLIT

- 02.00 **Fréttir**.
- 02.05 **Rokk og nýbylgja**. Skúli Helgason kynnir.
- 03.00 **Á vettvangi**. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson.
- 03.20 **Róbótarokk**. Fréttir kl. 4.00.
- 04.30 **Veðurfreginir**.
- 04.35 **Næturútlit**.
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsam-göngum**.
- 05.01 **Áfram ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsam-göngum**.
- 06.01 **Á frivaktinni**. Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna.
- 07.00 **Morgunpopp**. Svæðisútlit Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00. Svæðisútlit Austurlands kl. 18.03-19.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með við-tölum og fréttum af veiði.
- 10.00 **Valdís Gunnarsdóttir**. Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson**. Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis**. Hvað finnst þér? Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson**. Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Ólafur Már Björnsson**. Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
- 22.00 **Haraldur Gíslason**. Harðsnúni Halli kann „helgartökin“ á tónlistinni. Óskalög og kveður í símunum 68 19 00 og 61 11 11.
- 2.00 **Næturdagskrá**. Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með við-tölum og fréttum af veiði.
- 9.00 **Margrét Hrafnadóttir**. Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum.
- 14.00 **Bjarni Haukur Þórsson** Bjarni stjórna tónlistinni með duglegri hjálpa hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Þægileg og róleg tónlist milli kl. 18.10 og 19.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson**. Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Ólafur Már Björnsson**. Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
- 22.00 **Haraldur Gíslason**. Harðsnúni Halli kann „helgartökin“ á tónlistinni. Óskalög og kveður í símunum 68 19 00 og 61 11 11.
- 2.00 **Næturstjórnum**. Fréttir á Stjórnum kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 09.00 **Rótartónar**.
- 11.00 **Við við viðtækio**. E.
- 12.30 **Goðsögnin um G. G. Gunn. E.**
- 13.30 **Tónlist**.
- 14.00 **Í upphafi helgar skyldi dag-skrána skoða** með Guðlaugi Júlíussyni.
- 17.00 **Geðsveiflan** með Alfreð J. Alfreðssyni.
- 19.00 **Raunir**. Tónlistarþáttur í umsjá Reynis Smára.

- 20.00 **Fés**. Unglingabáttur. Emil Örn og Hlynur.
- 21.00 **Gott bit**. Tónlistarþáttur í umsjá Kidda kanínu og Þorsteins Högna.
- 23.30 **Rótardraugar**. Lesnar drauga-sögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt**



- 17.00 **Orð trúarinnar**. Blandaður þáttur frá Trú og lífi með tónlist, u.þ.b. hálf tíma kennslu úr Orðinu og e.t.v. spjalli eða við-tölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson.
- 19.00 **Blessandi boðskapur í marg-vislegum tónum**.
- 24.00 **Dagskrárlök**.



- 7.00 **Hörður Arnarson**.
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 11.00 **Anna Þorlaks**.
- 13.00 **Hörður Arnarson**.
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 17.00 **Anna Þorlaks**.
- 19.00 **Steinunn Halldórsdóttir**.
- 22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson**. 1.00– 7.00 **Páll Sævar Guðjónsson**.



- 4.30 **Viðskiptaþáttur**.
- 5.00 **The DJ Kat Show**. Barna-efni.
- 7.30 **The Panel Pot Pourri**. Skemmti- og leikþáttur.
- 9.00 **The Sullivans**. Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day**. Fréttabáttur.
- 10.30 **A Problem Shared**. Fræðslu-þáttur.
- 11.00 **Another World**. Sápúopera.
- 11.55 **General Hospital**.
- 12.50 **As the Worlds Turns**.
- 13.45 **Loving**.
- 14.15 **The Lucy Show**. Gamanþáttur.
- 14.45 **The Littles**. Teiknimynd.
- 15.00 **Poppþáttur**.
- 16.00 **The Young Doctors**.
- 16.30 **Three's Company**. Gaman-þáttur.
- 17.00 **Sky Star Search**. Hæfileika-keppni.
- 18.00 **Sale of the Century**. Getrauna-þáttur.
- 18.30 **Fjölbragðaglima**.
- 21.30 **Jameson Tonight**. Rabbþáttur.
- 22.30 **Police Story**. Spennumynd.



- 15.00 **Tarka the Otter**.
- 17.00 **Broadway Danny Rose**.
- 19.00 **Big Trouble in Little China**.
- 21.00 **Breathless**.
- 23.00 **The Emerald Forest**.
- 01.00 **The Mean Season**.



- 9.30 **Mobil Sport News**. Fréttir og fleira af kappakstri.
- 10.00 **Surfer magazine**. Brimbretta-keppni í Hawaí.
- 10.30 **Ástralski fótbollinn**.
- 11.30 **Golf**. Sýnt frá úrslitum US Open golfmótisins á þessu ári.
- 12.30 **Indy Cart**. Bílakappakstur frá Detroit.
- 13.30 **Frjálsar íþróttir**. Frá heimsbik-arkappinninni í Helsinki.
- 14.30 **Frjálsar íþróttir**. Þriðraut í Nice í Frakklandi.
- 15.30 **Eurosport Menu**.
- 17.00 **Knattspyrna**. Úrslitaleikur í heimsmeistarakeppni unglunga undir 16 ára.
- 19.00 **Heimskautið lagt að velli**. Fyrsti hluti myndar um ævintýri á heimskautinu.
- 20.00 **Hornabolti**. Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
- 21.00 **Heimskautið lagt að velli**. Annar hluti um ævintýri á norður-slóðum.
- 22.00 **Rugby**. Hörukkeppni í áströlsku deildinni.



- 13.30 **Off the Wall**. Poppþáttur.
- 14.30 **Hotline**.
- 16.30 **The Global Chart Show**. Tónlistarþáttur.
- 17.30 **Óákveðið**.
- 18.00 **Ferðabáttur**.
- 18.25 **Hollywood Insider**.
- 18.50 **Transmission**.
- 19.45 **Fréttir og veður**.
- 20.00 **In Concert Special**.
- 22.00 **Fréttir, veður og popptónlist**.



Mary Steenburgen og Dudley Moore eiga stormasamt líf í vændum á Stöð 2.

Stöð 2 kl. 21.15:

Stormasamt líf

Dudley Moore og Mary Steenburgen eru meðal vinsælustu leikara í Bandaríkjunum. Hér leiða þau saman hesta sína í fyrsta sinn.

Dudley leikur rithöfund sem hefur gert það gott á Broadway og er í þann mund að ganga í það heilaga. Að kvöldi brúðkaupsdagsins kynnist hann konu sem síðar verður samstarfsmaður hans.

Fyrsta verkefni tvímenninganna er leikrit sem hvorki nær hylli almennings né gagnrýnenda. Með tímanum verða þau þó fræg og eftirsótt. Loks kemur að því að hjúin laðast hvort að öðru og fer þá að hrikta í stoðum hjónabanda þeirra.

Mynd þessi er gerð eftir sviðsverki Bernards nokkurs Slade. Það þótti heldur þunnur þrettándi á sínum tíma og heldur hefur það versnað við yfirfærsluna á hvíta tjaldið. Maltin gefur myndinni slaka dóma, aðeins eina og hálfra stjörnu.

-gb



Linda Gray, Kenny Rogers og Bruce Boxleitner hjálpa indíánum í Fjárhættuspilaranum.

Sjónvarp kl. 21.50:

Fjárhættuspilarinn

Enn bregður Kenny Rogers sér á skjá landsmanna, í þetta skipti í bandarísku sjónvarpsmyndinni Fjárhættuspilarinn. Myndin er í tveimur hlutum og verður sá fyrri sýndur í kvöld.

Þar segir frá harðvitugri baráttu Sioux-indíánanna og landnema sem vilja brjóta alla samninga og leggja undir sig lendur frumbyggjanna. Kenny Rogers leikur fjárhættuspilara sem berst ásamt kunningja sínum fyrir réttlæti til handa indíánum.

Inn í þennan hildarleik blandast ung kennslukona á landsvæði indíánanna. Hún heitir Mary Collins og slæst í hópinn með fjárhættuspilaranum og vini hans þótt hún viti að hún eigi á hættu að fá bágt fyrir.

Fjárhættuspilarinn er þriðja myndin með þessu nafni þar sem Kenny Rogers leikur aðalhlutverkið. Allar urðu þessar myndir með vinsælasta sjónvarpsfærni vestra á sínum tíma. Þær hafa greinilega snert einhverjar frumbylingstaugar Íslendingans úr því sú síðasta er nú komin hingað, enda Kenny Rogers fjölhæfur maður eins og sést hefur að undanförnu.

Auk Kenny Rogers koma fram í myndinni þau Bruce Boxleitner og Linda Gray sem allir þekkja sem Sue Ellen í Dallas.

-gb

Stöð 2 kl. 23.15:

Ólíukapphaupið

Cathy heitir kennslukona nokkur sem hefur skrifað bók í djarfara lagi. Vegna þessa þarf hún að yfirgefa heimabæ sinn og heldur til Oklahoma. Þar kemst hún í kynni við ólíukónginn Jim og kúrekann Dan sem báðir fella hug til hennar. Af þeim sökum kastast heldur betur í kekki milli karlanna.

Jim hefur áhuga á að leigja landsvæði af indíánum og dæla upp olíu. Dan ráðleggur indíánunum hins vegar að semja ekki. Indíánarnir biðja Dan þá um að taka að sér olíuleitina og er sú ráðstöfun samþykkt í Washington, þó háð því skilyrði að hann komi svartagullinu til vinnslustöðvarinnar á ákveðnum degi.



John Wayne leikur aðalhlutverkið í olíumynd á Stöð 2 í kvöld.

Dan á í mesta brasi sökum tækjaskorts og óvináttu Jims. Ekki bætir úr skák að upp kemur misskilningur milli hans og kennslukonunnar. Allt fer þó vel að lokum.

John Wayne leikur aðalhlutverkið í þessari olíumynd auk Mörthu Scott og Alberts Dekker. Maltin gefur myndinni tvær og hálfra stjörnu.